



Frostþíðupróf fyrir malbik. Marteinn Möller. ReSource International ehf. – mars 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Notast er við fjölmargar tegundir malbiks á Íslandi sem hafa ólíka eiginleika. Engar innlendar rannsóknir fundust um það hvaða áhrif frostþíðan hefur á þessar ólíku malbikstegundir og engin viðmiðunarmörk eru um það hve mikið frostþíðuþol þykir hæfa malbiki miðað við íslenskar aðstæður. Með þessari rannsókn er markmiðið að hefja þróun á rannsóknaraðferð sem nýtist til þess að prófa áhrif malbiks við frostþíðusveiflur.

Tilgangur rannsóknarinnar er að gera grein fyrir þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar, hvort og hvernig sé hægt útfæra frostþíðustaðal fyrir steypu þannig að hægt sé að mæla áhrif frostþíðu í malbiki. Leitast verður eftir því að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvernig má gera greinarmun á mismunandi þoli frostþíðu malbiks?
- Er munur á þoli á milli tegunda malbiks?
- Hvernig er best að heimfæra staðalinn um frostþíðuþol steypu yfir á malbik?

Á Íslandi er ekki gerð krafa á að prófa frostþíðuþol malbiks. Samt sem áður benda rannsóknir til að frostþíða hafi áhrif á endingu malbiks (Alawneh et al., 2020; Barlas, 2013; Cong et al., 2020; Sun et al., 2020). Íslenskt veðurfar herjar því á malbikið hér á landi án þess að vitað sé hve stórvægileg áhrif þess eru.